

Sb.

308. Tillaga til þingsályktunar

[169. mál]

um nýtingu á áveitu- og flæðiengjum landsins.

Flm.: Þórarinn Sigurjónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara athugun á því, hvort ekki sé unnt og tímabært að nýta betur en nú er gert áveitu- og flæðiengi landsins til fóðurframleiðslu.

Greinargerð.

Á nokkrum stöðum á landinu eru víðáttumiklar engjar, sem ekki eru lengur nýttar til heyöflunar eða að mjög litlu leyti.

Væri ekki óeðlilegt, að fram færi athugun á því, hve stórt það land er, sem hægt væri að nýta til fóðuröflunar, og hvað mikið fóður mætti fá af því landi, sem hér um ræðir. Telja má víst, að hér fari forgörðum mikil verðmæti, sem hægt væri að nýta, þar sem öll tækni við heyöflun á blautum engjum hefur gjörbreyst frá því sem áður var og alltaf eru að koma til landsins ný og betri tæki til fóðuröflunar. Tel ég því eðlilegt að láta fara fram athugun á betri nýtingu þessa lands en nú er.

Af áveitu- og flæðiengjum hafa bændur landsins um langan aldur tekið mikið fóður fyrir búpening sinn, sem reynst hefur bæði gott og í flestum tilfellum ódýrasta fóður, sem hægt var að fá. En oft hefur verið mikil og erfið vinna við að afla þessa fóðurs, meðal annars vegna þess að vegir voru ýmist engir eða mjög ófullkomnir um þessi lönd og að og frá þeim. Skurðir til þurrkunar landsins voru víðast hvar engir, og var því sums staðar ekki hægt að þurrka störina á því landi sem hún var slegin, heldur varð að flytja hana á þurrara land til þurrkunar.

Fyrir nokkrum árum voru fluttar til landsins vélar til hraðþurrkunar á nýslegnu grasi, sem eru framleiddar í Taarup-verksmiðjunum í Danmörku og þurrka gras og pressa í heykökur. Auðvelt er að færa þessar vélar til, þar sem þær eru á hjólum, og væri því unnt að koma þeim fyrir nálægt þeim löndum þar sem sláttur fer fram. Er því hægt að athuga, hvort hraðþurrkun á þann hátt á við.

Einnig gæti komið til athugunar, hvort ekki ætti að staðsetja heyköglaverksmiðjur nærri þeim stöðum þar sem stór gulstararengi eru.

Rannsaka þarf fóðurgildi og efnainnihald fóðurs af því landi, sem hér um ræðir, og ef svo reynist, að um gott, efnaauðugt fóður sé að ræða, sem ekki er of dýrt í framleiðslu, er það þjóðhagslega eðlilegt að nýta betur til fóðurframleiðslu þau engjalönd, sem nú eru lítið eða ekkert notuð til beitar eða heyskapar.

Þá er ekki óeðlilegt, að þessi athugun fari fram með hliðsjón af því, að tilbúinn áburður hefur hækkað mjög mikið í verði á undanförunum árum og er húíst við, að hann muni hækka yfir 100% á þessu ári. Verður því að teljast æskilegt að kannaður sé sem allra fyrst sá möguleiki að afla fóðurs af því landi, þar sem ekki þarf að nota tilbúinn áburð.

Í Ölfusi eru t. d. 1300 ha. lands, sem veitt hefur verið á og er nú ekki nýtt nema að litlu leyti, en er mjög vel fallið til athugunar, þar sem stutt er á það land frá aðalstöðvum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, sem sennilega mundi fá það verkefni að athuga um efnainnihald og fóðurgildi fóðurs af þessum engjalöndum og þá væntanlega byrja þessa athugun mjög langt í burtu.